

## Fundargerð - Stjórn FRÍ

|                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fundur númer:</b>   | <b>18. fundur stjórnar FRÍ 2024-2026</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Auglýstur tími:</b> | Miðvikudagur 1. september 2025 (11.45 til 12.45)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Staðsetning:</b>    | Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Google Meets.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| <b>Fundarstjórn:</b>   | Freyr Ólafsson                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| <b>Fundarritun:</b>    | Haukur Björnsson                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Fundarmæting:</b>   | <b>Aðalstjórn:</b> Auður Árnadóttir (AÁ), Freyr Ólafsson (FÓ), Haukur (HB), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ)<br><b>Varastjórn:</b> Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP)<br><b>Skrifstofa:</b> Guðmundur Karlsson (GK), framkvæmdastjóri, Soffía Svanhildar Felixdóttir (SSF), útbreiðslu- og fræðslustjóri<br><b>Forfölluð:</b> Sveinn Margeirsson (SM), Rannveig Oddsdóttir (RO), Björgvin Víkingsson (BV), Hallgrímur Egilsson (HE), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ)<br><b>Gestir:</b> - |

Fundur settur kl. 11.47.

### 1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt ☒
- Fundargerðir: Fundargerðir vegna funda nr. 16. og 17 eru samþykkar.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: Engin rafrænt afgreidd erindi.

### 2. Fjármál og FRÍ ehf (AÁ)

AÁ kynnti hálfárs uppgjör FRÍ (janúar til júní 2025), sjá töflu hér að neðan. Tekjur voru 74,9 mkr, gjöld 69,2 mkr og rekstrarhagnaður (EBITDA) 5,7 mkr. Kostnaður við mótahald hefur aukist töluvert, m.a. vegna aukinna gæða við framkvæmd. Einnig hafa almennar verðhækkanir leitt til aukins kostnaðar umfram áætlun.

| ISK                              | 2022                | 2023                | 2024                | 2025 Á              | Jan-Jún 2025       |     |
|----------------------------------|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|--------------------|-----|
| <b>Tekjur</b>                    |                     |                     |                     |                     |                    |     |
| Framlög og styrkir               | 76,659,257          | 86,663,304          | 83,859,859          | 84,900,000          | 60,220,975         | 71% |
| Tekjur af mótum                  | 9,156,302           | 22,878,875          | 16,287,207          | 15,200,000          | 11,971,206         | 79% |
| Aðrar tekjur                     | 7,334,169           | 7,364,970           | 13,175,502          | 12,260,000          | 2,729,987          | 22% |
| <b>Tekjur samtals</b>            | <b>93,149,728</b>   | <b>116,907,149</b>  | <b>113,322,568</b>  | <b>112,360,000</b>  | <b>74,922,168</b>  | 67% |
| <b>Gjöld</b>                     |                     |                     |                     |                     |                    |     |
| Laun og launatengd gjöld         | -33,246,372         | -32,860,866         | -33,421,914         | -38,500,000         | -21,622,681        | 56% |
| Greiðslur til keppenda og félaga | -22,431,916         | -23,338,384         | -23,309,170         | -21,000,000         | -17,623,729        | 84% |
| Kostnaður við mót erlendis       | -31,331,264         | -40,554,371         | -29,557,353         | -34,000,000         | -18,176,462        | 53% |
| Kostnaður við mót innanlands     | -9,287,810          | -8,428,695          | -9,951,702          | -7,000,000          | -5,741,681         | 82% |
| Rekstur skrifstofu               | -6,669,049          | -7,914,512          | -10,392,557         | -8,360,000          | -4,827,691         | 58% |
| Kynning fræðsla og útbreiðsla    | -5,870,503          | -1,526,698          | -5,222,050          | -1,800,000          | -792,348           | 44% |
| Ýmis kostnaður                   | -1,114,931          | -1,737,429          | -580,870            | -1,500,000          | -407,528           | 27% |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>-109,951,845</b> | <b>-116,360,955</b> | <b>-112,435,616</b> | <b>-112,160,000</b> | <b>-69,192,120</b> | 62% |
| <b>EBITDA</b>                    | <b>-16,802,117</b>  | <b>546,194</b>      | <b>886,952</b>      | <b>200,000</b>      | <b>5,730,048</b>   |     |

AÁ leggur til að ný stjórn FRÍ ehf. verði skipuð á sama hátt og aðalstjórn FRÍ (sjá lista hér að neðan). Samþykkt samhljóða.

- Freyr Ólafsson
- Auður Árnadóttir

- Sonja Sif Jóhannsdóttir
- Sveinn Margeirsson
- Haukur Björnsson

### 3. Dagskrá vetrarins (FÓ)

- **Formannafundur FRÍ.** FÓ lagði til að Formannafundur FRÍ fari fram miðvikudaginn 26. nóvember nk. Samþykkt samhljóða.
- **Uppskeruhátíð FRÍ 2025.** FÓ lagði til að Uppskeruhátíð FRÍ 2025 fari fram föstudaginn 19. desember nk. Samþykkt samhljóða.
- **Frjálsíþróttaping FRÍ 2026.** FÓ lagði til að 65. Frjálsíþróttaping FRÍ fari fram í Reykjavík dagana 17. og 18. apríl 2026. Samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjóra falið að ræða við félög á höfuðborgarsvæðinu um framkvæmd.

### 4. Stefnumótun – áherslur haustins (FÓ)

FÓ og JHB fóru yfir stöðu. Umræður. Samþykkt að leggja áherslu á eftirfarandi fram að áramótum:

- Klára innleiðingu Roster.
- Ljúka við gerð NDP skjals (e. *National Development Plan*).
- Tryggja fjármögnun skrifstofu og verkefna.
- Endurskipuleggja starfsemi skrifstofu í takti við fjárhag og verkefni sambandsins.

### 5. 100. Meistaramót FRÍ (FÓ)

Jónas Egilsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, hefur tekið að sér formennsku undirbúningsnefndar vegna 100. meistaramóts FRÍ sem haldið verður á ÍR vellinum dagana 24. til 26. júlí 2026. Farið hefur verið fram á að stjórn FRÍ tilnefni tvo einstaklinga í undirbúningsnefndina. Stjórn samþykkir að Soffía Svanhildar Felixdóttir og Silja Úlfarsdóttir verði fulltrúar FRÍ, og að Íris Berg Bryde muni einnig starfa með nefndinni.

### 6. Önnur mál

- FÓ fór yfir stöðu þjóðarleikvangs. Í augnablikinu stendur á svörum frá Reykjavíkurborg.
- FÓ kynnti beiðni frá Burkna Helgasyni um að vegalengd aldursflokksins 15 til 17 ára á MÍ í víðavangshlaupum breytist úr 3,5 km í 4,5 km, þannig að sá flokkur geti hlaupið með aldursflokknum 18 til 19. Samþykkt að breyta reglugerð enda um minniháttar breytingu að ræða.
- Stjórn leggur til að laganefnd taki til umfjöllunar erindi frá WA (World Athletics), en taka þarf erindið fyrir á næsta Frjálsíþróttapingi.
- GK fór yfir aukinn fjölda fyrirspurna frá erlendu frjálsíþróttafólki um möguleika á að keppa fyrir Íslands hönd og íslenskt ríkisfang. Stjórn FRÍ er einhuga um að í landslið FRÍ veljist einstaklingar sem sannarlega uppfylli hefðbundin skilyrði um ríkisborgararétt og að sambandið muni ekki beita sér fyrir því að íþróttafólk hljóti ríkisfang einungis til að keppa fyrir hönd Íslands.

Fylgigögn:

- Engin fylgigögn.